

Stefnumótunardagur

26. apríl 2016



Mikilvægt er að allir í skólasamfélaginu kappkosti í sameiningu að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag sem felur í sér gagnkvæmt traust, virðingu og samábyrgð þar sem öryggi, vellíðan, heilbrigðar og hollar lífsvenjur eru hafðar að leiðarljósi.

Með “allir” er átt við foreldra, nemendur og starfsfólk skólans!

Ábyrgð nemenda á eigin námi

Úr Aðalnámskrá...

Áhersla er lögð á að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og venji sig sem fyrst á gott vinnulag. Ábyrgðarkennd nemenda þroskast eftir því sem þeim gefst kostur á að velja viðfangsefni og taka ákvarðanir um eigið nám þannig að það verði þeim merkingarbært. Það geta þeir gert innan þeirra marka sem aldur þeirra og þroski leyfir. Ætlast er til að nemendur í grunnskóla taki slíkar ákvarðanir, allt frá byrjun skólagöngu. Ábyrgð vex því aðeins að nemendur venjist á að taka ákvarðanir og standa við þær, bæði ákvarðanir sem nemandinn tekur einn og í samráði við aðra. Sama á við um námsaðferðir sem þeir temja sér en nauðsynlegt er að nemendur eigi sem mest val um þær á öllum aldri. Nemendur skulu eiga möguleika á að beita mismunandi aðferðum við nám sitt og þjálfast jöfnum höndum í að vinna upp á eigin spýtur og í samstarfi við aðra. Það gera þeir með því að velja um viðfangsefni innan þeirra marka sem opinber markmið námsins setja í einstökum námsgreinum og námssviðum, hvort sem þau er að finna í aðalnámskrá eða í skólanámskrá viðkomandi skóla. Þá eiga nemendur samkvæmt grunnskólalögum og viðmiðunarstundaskrá val um námsgreinar og námssvið, einkum á unglíngastigi.

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

Úr Aðalnámskrá...

Mikilvægt er að nemendur hafi ekki einungis skyldur gagnvart eigin námi heldur einnig allri framkomu sinni og hegðun í skóla. Þetta á við um ýmsa þætti í umgengni við félag, starfsfólk og fjölmarga aðra sem þeir umgangast innan skóla sem utan. Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Við setningu skólareglna er mikilvægt að nemendur taki þátt í gerð skólareglna og tekið sé tillit til sjónarmiða þeirra og fá með því móti stuðning þeirra við settar reglur. Með þessu móti er stuðlað að góðum starfsanda, jákvæðum skólabrag og lýðræðislegu uppeldi nemenda.

Nauðsynlegt er að samstaða skapist um jákvæðan skólabrag og allir þeir sem tengjast skólastarfinu eigi hlut að því að móta hann. Mikilvægt er að nemandi í samræmi við aldur og þroska geri sér grein fyrir að hann ber sína ábyrgð á því hvernig skólabragur verður til, í hverju hann er fólgin og hver einstaklingur sé hluti af stærri heild sem hann ber ábyrgð á ásamt öðrum.

Yngsta stig

1.-2.bekkur

Ábyrgð nemenda á eigin námi

- Fá nemendur einhvern tímann að ráða hvað þeir vilja læra í skólanum ?
 - Ef já, hvenær ?

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

- Taka nemendur þátt í að semja bekkjarreglur ?
 - Hvað finnst nemendum að eigi að gera ef einhver brýtur bekkjar- eða skólareglur ?
-

Yngsta stig

3.-4.bekkur

Ábyrgð nemenda á eigin námi

- Hvenær fá nemendur í skólanum að velja sér verkefni ?
- Hvernig gengur nemendum að velja verkefni sem eru ekki of létt og ekki of erfið?

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

- Finnst nemendum skóla- og bekkjarreglurnar vera sanngjarnar?
 - Af hverju finnst þeim það ?
 - Hvað finnst nemendum að eigi að gera ef einhver brýtur bekkjar- eða skólareglurnar?
-

Miðstig

5.-7.bekkur

Ábyrgð nemenda á eigin námi

- Hvernig bera nemendur ábyrgð á eigin námi ?
- Finnst nemendum þeir fá að velja sér verkefni of sjaldan, hæfilega oft eða of oft ?
 - Af hverju finnst þeim það ?
- Hvernig gengur nemendum að velja verkefni sem eru ekki of létt og ekki of erfið?

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

- Af hverju fara ekki allir nemendur eftir bekkjar- og skólareglum?
- Hvernig væri hægt að hvetja fleiri nemendur til þess að fylgja bekkjar- og skólareglum?
- Hvernig koma nemendur fram við starfsfólks skólans ?
- Hvernig kemur starfsfólk skólans fram við nemendur ?
- Hvernig má bæta samskipti nemenda og starfsfólks ?

Elsta stig

8.-10.bekkur

Ábyrgð nemenda á eigin námi

- Hvernig geta nemendur sýnt ábyrgð á eigin námi ?
- Sýna nemendur í Álfhólsskóla ábyrgð á eigin námi ?
 - Ef já, hvernig?
 - Ef nei, hvers vegna ekki ?

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

- Finnst nemendum þeir hafa áhrif á ákvarðanir sem eru teknar um skólastarfið?
 - Ef já, hvernig ?
 - Ef nei, hvers vegna ekki ?
- Með hvaða hætti bera nemendur ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla?
- Skólabragur segir til um þann anda sem ríkir í skólanum. Hann myndast í samskiptum nemenda og starfsmanna þar sem allir einstaklingar eru mikilvægir og bera sína ábyrgð. Hvernig er skólabragurinn í Álfhólsskóla að mati nemenda ?

Ábyrgð og skyldur starfsfólks

Úr Aðalnámskrá...

Starfsfólk skóla skal leggja áherslu á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi. Einnig skal lögð áhersla á að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu. Starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð.

Ábyrgð og skyldur foreldra

Úr Aðalnámskrá...

Eins og fram kemur í grunnskólalögum bera foreldrar ábyrgð á uppeldi barna sinna. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og eiga að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Foreldrar fylgist með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra og eiga að greina skólanum frá þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun. Foreldrar fái jafnframt tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, svo og í skólastarfinu almennt. Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum.

Foreldrar og starfsmenn

Ábyrgð foreldra á námsframvindu barna sinna

- Með hvaða hætti bera foreldrar ábyrgð á námsframvindu barna sinna í samvinnu við nemendur og kennara?
- Með hvaða hætti geta foreldrar tekið þátt í námi barna sinna ?

Ábyrgð nemenda á framkomu og samskiptum

- Með hvaða hætti bera foreldrar ábyrgð á hegðun barna sinna og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla ?
-